Fullgild rafræn undirskrift
EINAR JÓN PÁLSSON
Kennitala: 141067-3119
2026-01-30 10:55:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓN BJÖRGVIN GUÐNASON
Kennitala: 120359-5259
2026-01-30 12:04:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARGRÉT LILJA MARGEIRSDÓTTIR
Kennitala: 101291-3409
2026-01-30 12:05:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALA HRÖNN VIGGÓSDÓTTIR
Kennitala: 300871-4619
2026-01-30 14:21:59 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
Kennitala: 240155-3549
2026-01-30 22:51:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**
**1. fundur 2026 (140. fundur)**
FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 28. janúar 2026 kl. 8:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

| | |
|---|---|
| Karl Alvarsson | formaður skipulagsnefndar |
| Einar Jón Pálsson | skipulagsnefnd |
| Jón B. Guðnason | " |
| Margrét Lilja Margeirsdóttir | " |
| Vala Hrönn Viggósdóttir | " |
| Björn Ingi Edvardsson | skipulagsfulltrúi |
| Friðfinnur Skaftason | ritari |

**1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040, vinnslutillaga.**
Mál nr. 567/2023 í skipulagsgátt.
Bréf frá innviðaráðuneyti til nefndarinnar dags. 13.1.2026 með athugasemdum vegna aðalskipulags lagt fram sem og viðbrögð frá Isavia vegna þeirra dags. 27.1.2026. Bréfin rædd. Fram komu efasemdir um áreiðanleika þeirra gagna sem Isavia hefur lagt fram um nothæfistuðul flugvallarins o.fl. í 3. kafla greinargerðarinnar.
Afgreiðsla: Nefndin telur rétt að kalla eftir frumgögnum frá félaginu og í kjölfarið meta það hvort óskað verði eftir því að fá óháðan aðila til að leggja mat á frumgögn og vinnslu vegna kafla 3.

**2. Svæðisskipulag Suðurnesja, umsagnarbeiðni.**
Mál nr. 1374/2024 í skipulagsgátt. Kynningartími er frá 4.12.2025 til 30.01.2026.
Svæðisskipulag Suðurnesja var lagt fram til kynningar á síðasta fundi ásamt umsagnarbeiðni.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

**3. Starfsreglur Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.**
Nefndinni hafa borist drög að starfsreglum nefndarinnar frá innviðaráðuneyti til umsagnar. Drögin eru kynnt og rædd.
Afgreiðsla: Málinu er frestað til næsta fundar.

**4. Önnur mál.**
4.1 Vestursvæði Keflavíkurflugvallar, deiliskipulagsbreyting.
Mál nr. 1003/2025 í skipulagsgátt.
Til kynningar: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hefur borist staðfesting frá Skipulagsstofnun um að stofnunin gerir ekki athugasemd við að Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

4.2 Keflavíkurborgir – máli hætt.
Mál nr. 74/2024 í skipulagsgátt.
Til kynningar: Skipulagsfulltrúi upplýsir að Reykjanesbær hefur hætt við breytingatillögu á aðalskipulagi sem fól í sér stækkun íbúðabyggðar, ÍB35, inn á opið svæði OP6 vegna fyrirhugaðrar heildarendurskoðunar aðalskipulags.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 25. febrúar 2026, kl. 8:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx